

Hestatrygging

Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 211 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) Sjóváar og á tryggingarskríteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

Hvers konar trygging er þetta?

Hestatrygging er samsett trygging fyrir hesta með valkvæðum liðum sem þú getur sett saman eftir þínum þörfum.



Hvað er tryggt?

Sjúkrakostnaðartrygging greiðir kostnað vegna:

- ✓ Skoðunar og meðferðar hests í kjölfar slysa eða sjúkdóma.
- ✓ Bæklunaraðgerða vegna fæðingargalla fyrir folöld að eins og hálfis árs aldri.

Líftrygging greiðir bætur:

- ✓ Ef hestur deyr af völdum slyss eða sjúkdóms.
- ✓ Ef aflífa þarf hest vegna veikinda eða slysa að ráði dýralæknis.

Afnotamissistrygging reið- og keppnishesta greiðir bætur ef hesturinn er úrskurðaður algerlega og varanlega ónothæfur til reiðar eða vinnu vegna:

- ✓ Sára.
- ✓ Brots og sprungu á beinvef.
- ✓ Viðvarandi hjartagalla.

Afnotamissistrygging stóðhesta greiðir bætur vegna:

- ✓ Varanlegrar ófrjósemi eða missis líkamlegrar getu stóðhests til að fylja hryssur vegna sjúkdóms eða slysa.

Afnotamissistrygging fyrir kynbótahryssur greiðir bætur ef hryssan er úrskurðuð algerlega og varanlega ónothæf til ræktunar vegna:

- ✓ Sára.
- ✓ Brots og sprungu á beinvef.
- ✓ Æxlis.

Ábyrgðartrygging greiðir bætur vegna:

- ✓ Skaðabótaskyldu samkvæmt íslenskum lögum sem fellur á váttryggðan sem eiganda hests.



Hvað er ekki tryggt?

Sjúkrakostnaðartrygging greiðir ekki kostnað vegna:

- × Meiðsla og sjúkdóma sem komu upp áður en tryggingin tók gildi eða innan 14 daga frá gildistöku hennar.
- × Segulómsskoðunar eða sneiðmyndatöku.

Líftrygging bætir ekki:

- × Ef hestur deyr eða þarf að aflífa hann vegna sjúkdóms sem hesturinn fær innan 20 daga frá því tryggingin tók gildi.
- × Ef aflífa þarf hest vegna fyrirmæla opinberra yfirvalda.

Afnotamissistrygging reið- og keppnishesta greiðir ekki bætur vegna:

- × Sjúkdóms sem hesturinn fær innan 20 daga frá því tryggingin tók gildi.
- × Geðslagsvandamála.

Afnotamissistrygging stóðhesta greiðir ekki bætur vegna:

- × Sjúkdóms sem hesturinn fær innan 20 daga frá því að tryggingin tók gildi.
- × Sjúkdóms eða slyss sem var fyrir hendi þegar tryggingin tók gildi.
- × Geðslagsvandamála.
- × Spatts.

Afnotamissistrygging fyrir kynbótahryssur greiðir ekki bætur vegna:

- × Sjúkdóms sem hryssan fær innan 20 daga frá því tryggingin tók gildi.
- × Geðslagsvandamála.

Ábyrgðartrygging bætir ekki tjón:

- × Sem eigandi hestsins verður fyrir.
- × Tjón sem rekja má til þess að ekki var farið að lögum um dýrahald.



Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Ekki er hægt að innifela afnotamissistryggingu nema að líftrygging sé fyrir hendi.
- ! Hestatrygging undanskilur öll tjón sem lögboðin ábyrgðartrygging ökutækja nær til.



Hvar gildir tryggingin?

- Hestatrygging gildir á Íslandi.



Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér er skylt að fara eftir varúðarreglum í skilmálum, t.d. þeirri að fylgja skuli reglum sveitarfélaga um lausagöngu.



Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.



Hvenær tekur trygging gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnaesta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.